

Aðkoma Innri endurskoðunar að málefnum Félagsbústaða

Innri endurskoðun

16. október 2018

Aðkoma Innri endurskoðunar og vinnulag í tengslum við Félagsbústaði hefur verið til umfjöllunar í kjölfar útgáfu niðurstaðna úttektar á viðhaldsframkvæmdum félagsins við Írabakka 2-16. Innri endurskoðun leggur áherslu á í því sambandi að forgangsröðun verkefna er áhættumiðuð í samræmi við ákvæði alþjóðlega staðla um innri endurskoðun.

Meginþættir

- Áhættumiðuð forgangsröðun
- Fimm frumúttektir
- Þrjár eftirfylgniúttektir

Meðal annars hefur því verið haldið fram að langan tíma hafi tekið að framkvæma umrædda úttekt á viðhaldsframkvæmdum við Írabakka 2-16. Í því ljósi er upplýst um aðkomu Innri endurskoðunar að Félagsbústöðum undanfarin ár eða frá því að gerður var samningur um vinnu Innri endurskoðunar þar um.

Verkefni Innri endurskoðunar frá árinu 2008

Frumúttekt #1 Innra effirlit

Gerður var verksamningur um innri endurskoðun Félagsbústaða hf. í nóvember árið 2008. Í kjölfarið hóf Innri endurskoðun úttekt á innra effirliti hjá Félagsbústöðum út frá alþjóðlegum ramma um uppbyggingu innra effirlits (COSO – Internal Control Framework). Niðurstöður voru lagðar fyrir stjórn Félagsbústaða árið 2009 og kynntar í borgarráði sama ár.

Frumúttekt #2 Rekstur, stjórnarhættir og hlutverk Félagsbústaða

Borgarráð óskaði effir því haustið 2011 að Innri endurskoðun gerði úttekt á stjórnarháttum og rekstri félagsins. Innri endurskoðun varð við þeirri beiðni og skilaði skýrslu til borgarráðs sem lögð var fram á fundi ráðsins hinn 7. júní 2012. Í þeirri úttekt voru gerðar margháttaðar athugasemdir við rekstur og stjórnun hjá fyrirtækinu. Meðal annars var gerð greining á innkaupum vegna framkvæmda við Norðurbrún 1, Meistaravelli 19-29, Skúlagötu 64-80 og Furugerði 1. Sammerkt var að innkaupaferli var ábótavant og of lítið um útboð miðað við umfang verka. Einnig voru settar fram ábendingar um að uppfæra þyrfti samþykktir félagsins, að Reykjavíkurborg setti því eigendastefnu og að farið yrði yfir samskipti Velferðarsviðs og Félagsbústaða. Gerð var athugasemd við fjárhagslega stöðu Félagsbústaða og þá var bent á að yfirfara þyrfti reiknilíkan sem er notað til grundvallar útreikningi á leiguverði íbúða.

Effirfylgniúttekt – Innra effirlit

Samhliða úttekt á rekstri, stjórnarháttum og hlutverki Félagsbústaða var gerð effirfylgniúttekt með fyrri skýrslu Innri endurskoðunar frá árinu 2009.

Frumúttekt #3 Bókhald, innra verklag og effirlit

Samhliða úttekt á stjórnarháttum og rekstri var gerð úttekt á effirliti með bókhaldi, innra verklagi og effirliti sem var lögð fyrir framkvæmdastjóra og stjórn fyrirtækisins. Í þeirri úttekt voru gerðar athugasemdir við uppsetningu fjárhagskerfa og notkun bókhaldslykla, þar með talið utanumhald á viðhaldskostnaði í bókhaldi. Bent var á að bæta þyrfti verklag við stofnun tekjulykla og tryggja að innheimtar tekjur bókuðust í gegnum viðskiptakröfur. Gerðar voru athugasemdir við aðgreiningu starfa, samþykktarferli reikninga og vinnulag við afstemmingar. Þá var einnig gerð ábending um að Félagsbústaðir ættu að setja sér verklagsreglur um samskipti við verktaka, m.a. að framkvæma skoðun á fjárhagsstöðu bjóðenda og skil á opinberum gjöldum í samræmi við útboðsgögn.

Frumúttekt #4 – Uppgjörferli

Á árinu 2016 var gerð úttekt á uppgjörferli hjá Félagsbústöðum og ýmsum fjárhagsþáttum. Niðurstöðum úttektar á uppgjörferli var skilað til framkvæmdastjóra og stjórnarformanns og kynntar fyrir stjórn félagsins. Úttektin leiddi til þess að gerðar voru 23 áhættumetnar ábendingar, þar sem fjórar ábendingar voru metnar á gulu, sex reyndust appelsínugular og þrettán ábendingar voru metnar á rauðu eða hæsta áhættustigi.



*Yfirmaður innri endurskoðunar
skal koma á áhættumiðaðri
áætlun til að ákvarða
forgangsröðun verkefna innri
endurskoðunar í samræmi við
meginmarkmið fyrirtækisins.*

*IPPF staðall 2010
alþjóðlegir staðlar um innri endurskoðun*

*Úttekt á framkvæmdum
Félagsbústaða við Írabakka
tók einn og hálfan
mannmánuð og stóð yfir frá
febrúar fram í júní 2018*

Eftirfylgniúttekt – Bókhald, innra verklag og effirlit

Eftirfylgniúttekt var gerð með ábendingum varðandi bókhald, innra verklag og effirlit, samhliða úttekt á uppgjörsferli hjá Félagsbústöðum og ýmsum fjárhagsþáttum. Leiddi hún í ljós að af 25 ábendingum sem hafði verið komið á framfæri sumarið 2012 höfðu fjórar hlotið fullnægjandi úrbætur en 21 ábending var ítrekuð. Það má því ljóst vera að þessi fjögur ár hafði lítið verið unnið með ábendingar Innri endurskoðunar sem beint var til Félagsbústaða árið 2012.

Eftirfylgniúttekt – Rekstur, stjórnarhættir og hlutverk Félagsbústaða

Eftirfylgniúttekt með stjórnarsýslu- og rekstrarúttekt sem m.a. var lögð fyrir borgarráð í júní 2012 var gerð, niðurstöðum skilað til Félagsbústaða og þær kynntar í borgarráði í júní 2017. Borgarráð hafði samþykkt við framlagningu skýrslunnar árið 2012 að fela skrifstofu borgarstjórnar að greina ábendingar Innri endurskoðunar sem snéru að Reykjavíkurborg sem eiganda og gera tillögu um aðgerðaáætlun um úrvinnslu þeirra. Jafnframt óskaði borgarráð eftir umsögn stjórnar Félagsbústaða um skýrsluna í heild sinni og hvernig hún ætlaði að bregðast við ábendingum í henni.

Í úttektinni 2012 voru gerðar 34 ábendingar og var niðurstaða eftirfylgniúttektar sú að úrbætur hefðu verið gerðar vegna tuttugu ábendinga en fjórtán voru ítrekaðar. Niðurstöðurnar voru sem fyrr segir lagðar fram í borgarráði og stjórn Félagsbústaða. Það vakti athygli við eftirfylgnina hve viðbrögð við ábendingum sem Innri endurskoðun gerði 5 árum fyrr voru fáleg.

Frumúttekt #5 Viðhaldsframkvæmdir við Írabakka 2-16

Á fundi með stjórnarformanni og framkvæmdastjóra Félagsbústaða vorið 2016 var gerð grein fyrir því að ráðist yrði í eftirfylgniúttektir vegna fyrri úttekta og þá kom jafnframt fram beiðni þeirra um að skoða sérstaklega viðhaldsframkvæmdir við Írabakka. Þar sem fyrri úttekt hafði meðal annars verið skoðun á innkaupum vegna verklegra framkvæmda var það metið svo að eftirfylgniúttekt gæti jafnframt nýst vel í tengslum við Írabakka.

Innri endurskoðun hóf vinnu við úttekt á viðhaldsframkvæmdum félagsins í febrúar 2018 og var lokaskýrsla send framkvæmdastjóra og stjórnarformanni í byrjun júlí sl. Það var mat þeirra að skýrslan yrði tekin til umfjöllunar á vettvangi nýrrar stjórnar þegar hún hefði verið skipuð. Heildarverktími úttektar var þannig fimm mánuðir en í verkþókhaldi Innri endurskoðunar er skráður vinnustundafjöldi við úttektina tæplega einn og hálfur mannmánuður, eða 210 klukkustundir.

Af ofangreindu má sjá að aðkoma Innri endurskoðunar að Félagsbústöðum hefur verið samfelld frá árinu 2008 og hafa verið gerðar ýmsar athugasemdir við reksturinn. Gerðar hafa verið fimm frumúttektir á stjórnarháttum, áhættustýringu og innra effirliti hjá Félagsbústöðum frá árinu 2008 og þrjár eftirfylgniúttektir. Í þessum úttektum hefur verið settur fram fjöldi athugasemda við uppbyggingu stjórnarhátta og innra effirlits. Auk þess er á innri endurskoðunaráætlun, sem stjórn Félagsbústaða hefur samþykkt, fyrirhuguð úttekt á stjórnkerfi upplýsingaöryggis auk eftirfylgniúttektar á úttekt á uppgjörsferli félagsins sem nefnd er hér að framan.

Það er þannig mat Innri endurskoðunar að stjórnendur og stjórn Félagsbústaða auk eigandans ættu að hafa nægan efnivið að vinna úr við að byggja upp rekstur félagsins í samræmi við nútímakröfur um stjórnarhætti, áhættustýringu og innra effirlit.

Hallur Símonarson
innri endurskoðandi